

Ágætu gestir, gleðilega hátíð og verið velkomin í Hof.

Eiga lífeyrissjóðir að fagna afmæli og blása til veislu sem við reyndar köllum góðvinafund?

Góð spurning sem ég sá velt upp einhvers staðar á opinberum vettvangi, líklega á Fésbókinni þar sem margt er skrifað og oft fast að orði kveðið.

Ja, hvers vegna ekki þegar augljós og sérstök ástæða er til? spyr ég á móti.

Hrafn Magnússon, gamalreyndur og sjóaður lífeyrissjóðaforingi, forveri minn í starfi hjá Landssamtökum lífeyrissjóða og þar áður framkvæmdastjóri Sambands almennra lífeyrissjóða frá stofnun, kvaddi sér hljóðs undir dagskrárliðnum *önnur mál* á ársfundi Landssamtakanna í fyrra og minnti á að í maí 2019 yrðu fimmtíu ár liðin frá því forystumenn heildarsamtaka launafólks og atvinnurekenda sömdu um skylduaðild að lífeyrissjóðum.

Hrafn sagði: Það er fullt tilefni til að minnast tímamótanna á einhvern hátt og nota þau líka til að skerpa sýn á stöðu lífeyrissjóðakerfisins og framtíð þess.

Nákvæmlega þetta ákváðum við að gera, meðal annars með samkomum í Hofi í dag og í Hörpu fyrr í vikunni. Og sem betur fer gerist það sem við vonuðumst eftir. Við sjáum og heyrum umræður skapast á opinberum vettvangi af þessu tilefni. Menn skiptast á skoðunum og á góðvinafundunum okkar er fléttað saman gamni og alvöru, tónum og tali.

Viðbrögð hátíðargesta í Hörpu á þriðjudaginn bentu eindregið til þess að þeir hefðu haft bæði gagn og gaman af því sem þeir sáu og heyrðu. Ekki síst fengum við þakkir úr mörgum áttum fyrir að fá að kynnast aldargamalli sögu lífeyrissjóðakerfisins á aðeins 34 mínútum og fá heildarsýn á þróun sem margir þekktu aðeins í bótum. Ykkar bíður að horfa á myndina og hún verður einnig sýnd á sjónvarpsstöðinni Hringbraut í haust.

Þar með hef ég lokið langa svarinu við spurningu um hvort lífeyrissjóðir eigi að halda upp á afmæli. Stutta svarið: Já, alveg eindregið í þessu tilviki!

Ágætu gestir.

Þegar rýnt er í fimmtug dagblöð má lesa í viðtölum við atvinnurekendur og verkalýðsforingja að þeir mátu það stórmerkilegt skref að ná samningum um skylduaðild að lífeyrissjóðum. Sagan staðfestir tvímælalaust að mat þeirra þá var rétt og nú fimmtíu árum síðar er ástæða til að hugsa með virðingu til þeirra sem skrifuðu undir kjarasamningana 19. maí 1969 og þakka þeim fyrir framtakið, áræðnina og framsýnina.

Afmælishaldið er tilvalið tækifæri til að líta um öxl. Margt sem okkur þykir sjálfsgæður hluti tilverunnar núna er það auðvitað alls ekki. Til að mynda er það engan veginn sjálfsgæður hlutur að Íslendingar búi við lífeyriskerfi sem Alþjóðabankinn og Efnahags- og framfarastofnunin OECD vísa til og benda á sem fyrirmynd.

Það breytir samt ekki því að lífeyrissjóðakerfið okkar er alls ekki hafið yfir gagnrýni. Þvert á móti um það á að tala oft og víða. Höldum því þá til haga líka að kerfið er ungt og hefur ekki tekið út fullan þroska en það gerist innan fárra ára. Leyfum kerfinu endilega að taka út þroska, fjöllum um það á gagnrýninn en uppbyggilegan og sanngjarnan hátt. Styrkjum kerfið, bætum það en veikjum það hvorki í orði né verki.

Samtryggingin sem fólgin er í hugsun og starfsemi lífeyrissjóðs er ein af meginstoðum velferðarsamfélags. Sú hugsun er falleg en raunveruleg. Við berum ábyrgð hvert á öðru, einn fyrir alla, allir fyrir einn.

Því miður er það svo að til eru hópar í samfélaginu sem búa við kröpp kjör, eiga lítil eða engin réttindi í lífeyrissjóðakerfinu af ýmsum ástæðum og lenda þar nánast utan garðs. Við slíkt er ekki hægt að una og þá er horft til lífeyriskerfisins í heild sinni til að bregðast við og bæta úr svo sem flestir megi una þokkalega við sinn hag.

Stærsta áskorunin sem við stöndum frammi fyrir í lífeyrissjóðakerfinu um þessar mundir varðar reyndar ekki lífeyrissjóðina sem slíka heldur lífeyriskerfi landsmanna í heild sinni, samspil lífeyrissjóða annars vegar og almannatrygginga hins vegar. Hér tíðkast skerðing lífeyris almannatrygginga vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum í mun meiri og harkalegri mæli en þekkist nokkurs staðar annars staðar á byggðu bóli.

Skerðingunni verður að linna verulega enda er með henni gengið á réttindi fólks, sjóðfélaga okkar. Oft er það svo í umræðunni að lífeyrissjóðum er kennt um skerðinguna og ímynd þeirra skaðast því ómaklega.

Ágætu hátíðargestir.

Ég vil í lokin vekja athygli ykkar á merki Landssamtaka lífeyrissjóða sem ákveðið var í fyrri viku að taka upp fyrir samtökin. Áður höfðum við notað merkið fyrir vefinn okkar, Lífeyrismál.is, og fyrir Lífeyrisgáttina, vefinn þar sem þið fáið á einum stað upplýsingar um réttindi ykkar í samtryggingu í öllum lífeyrissjóðum landsins.

Höfundur merkisins er Þórhallur Kristjánsson, grafískur hönnuður sem á og rekur auglýsingastofuna Effekt hér í Gilinu á Akureyri. Við urðum strax mjög hrifin af hugmyndinni hans og útfærslunni og merkið mælist afar vel fyrir. Okkur er því mikil ánægja að tilkynna að merki Þórhalls hefur numið landið hjá okkur að fullu og mun einkenna hédan í frá bæði Landssamtökin sjálf og meginverkefni okkar.

Nú gef ég Ásthildi Sturludóttur, bæjarstjóra á Akureyri, orðið. Gjörðu svo vel Ásthildur.

Þórey S. Þórðardóttir

Framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða